

Aukafundur haldinn í hreppsnefnd Árneshrepps þriðjudaginn 16.maí 2018 kl.20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum 1, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2, og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Í upphafi fundar voru lagðar fram bókanir frá Hrefnu Þorvaldsdóttur og Ingólfi Benediktssyni, svohljóðandi;

1. Við undirrituð getum ekki samþykkt neinar breytingar á kjörskrá fyrir Árneshrepp fyrir sveitarstjórnarkosningar 26.maí 2018 þar sem við efumst um réttmæti þess að Þjóðskrá láti óátalið að a.m.k. 16 aðilar séu skráðir með lögheimili í Árneshreppi sem haf hér ekki heilsársbússetu. Á sama tíma eru ógiltir flutningar fólks sem flutt hefur lögheimili sitt 24.apríl – 5.maí 2018. Hvernig má það vera að sumir aðilar megi brjóta „lög“ um lögheimilisskráningu en aðrir ekki?

Töluverður hópur fólks sem á fasteignir, hlunnindi og eða hefur tekjur af starfsemi hér hluta úr ári, á lögheimili hér í Árneshreppi. Meðal þeirra sem nú er vísað frá er fólk sem á hér fasteignir, hlunnindi og hefur tekjur af starfssemi hér hluta úr ári líkt og fyrrgreindur hópur. Ef þetta fólk hefði flutt lögheimili sitt fyrir 24.apríl 2018 hefði þeim þá verið vísað frá?

Námsmenn hafa lögum samkvæmt rétt á að eiga lögheimili hjá foreldrum eða forráðamönnum sínum þó þeir dvelji langdvölum annarsstaðar vegna náms. Stangast þetta mögulega á við jafnræðisreglu 65.gr. stjórnarskrárinnar sbr.3.gr. stjórnskipunarlaganna sem hljómar svo:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leiti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

2. Við viljum fá að vita hver benti lögreglu á að fara í grunnskóla barns til að leita að móður þess til að yfirheyra hana með réttarstöðu vitnis í máli sem varðar föður barnsins.

Bókun frá Ingólfi Benediktssyni:

Þegar kjörskrá Árneshrepps var samþykkt þann 16.maí 2018 með fyrirvara, ekki bara í fundargerð, heldur var þessi fyrirvari skrifaður inn í kjörskrána. Þetta gerði oddviti að hennar sögn vegna kröfu lögfræðings Þjóðskrár. Þessi gjörningur var ekki borinn undir sveitarstjórn. Þessi fyrirvari eykur ekki heimild sveitarstjórnar til að gera breytingar á kjörskrá umfram það sem er í 10.gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar.

Dagskrá:

1. Leiðréttingar á kjörskrá.

Fyrir liggja bréf frá Þjóðskrá Íslands dags. 18.maí s.l. vegna 12 einstaklinga og 1 bréf dags. 22.maí vegna eins einstaklings um að fella niður skráningu lögheimila þeirra í Árneshreppi á viðmiðunardegi kjörskrár, 5.maí s.l. Um er að ræða eftirtalda einstaklinga;

1. Ásgeir Örn Arnarson.....kt. 290788-3319
2. Birkir Jónsson.....kt. 011275-5919
3. Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir.....kt. 190174-5579
4. Fríða Ingimarsdóttir.....kt.031158-4869
5. Gunnhildur Hauksdóttir.....kt. 031072-6039
6. Hrafn Jökulsson.....kt. 011165-3709
7. Kristín Ómarsdóttir.....kt. 240962-4549
8. Lára Valgerður Ingólfssdóttir.....kt. 130646-3019
9. Jón Leifur Óskarsson.....kt. 080737-3439
10. Óskar Kristinsson.....kt. 200358-3929
11. Snorri Páll Jónsson.....kt. 300787-2909
12. Þórhildur Helga Hrafnisdóttir..... kt. 280399-2489
13. Róshildur Arna Ólafsdóttir.....kt. 230394-2459

Með vísan til gagna málsins og 2. og 10.gr. laga um kosningar til sveitarstjórna er kjörskrá Árneshrepps fyrir sveitarstjórnarkosningar dags. 26.maí 2018 leiðrétt og ofangreindir einstaklingar felldir út af kjörskrá Árneshrepps. Oddvita er falið að senda tilkynningar samkvæmt 11.gr.laga um kosningar til sveitarstjórna

Meirihluti hreppsnefndar; Eva Sigurbjörnsdóttir, Bjarnheiður Fossdal og Guðlaugur Ágústsson greiddu atkvæði með því að farið yrði eftir úrskurði Þjóðskrár, Hrefna Þorvaldsdóttir og Ingólfur Benediktsson voru á móti.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:10

